

Kærunefnd útlendingamála

06 151

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Kærunefnd útlendingamála

Kt. 591214-0120

Skúlagötu 17, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Kærunefnd útlendingamála er sjálfstæð stjórnýslunefnd skipuð sjö aðalmönnum. Nefndarmenn eru sérfróðir um mál sem falla undir útlendingalög einkum hvað varðar dvöl og búsetu útlendinga hér á landi, málefni flóttamanna og rétt til alþjóðlegrar verndar. Þeir eru skipaðir til fimm ára í senn.

Hlutverk kærunefndar útlendingamála er aðallega að rannsaka og úrskurða í kærumálum. Nefndin hefur ekki með höndum umönnun hælisleitenda eða aðra félagslega aðstoð sem hælisleitendur þurfa og eiga rétt á. Þá kemur nefndin ekki að stefnumörkun í þessum málaflokki að öðru leyti en því sem leiðir af úrskurðum hennar. Framkvæmd úrskurða nefndarinnar er í höndum Útlendingastofnunar og Ríkislögreglustjóra.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 50 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 290,4 milljónir og afkoma kr. 9,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 17,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 53,3 milljónir, sjá þó fyrirvara að neðan.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Kærunefndar útlendingamála í samræmi við lög um opinber fjármál, sjá þó fyrirvara að neðan.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Kærunefndar útlendingamála fyrir árið 2019 með undirritun sinni, með fyrirvara, sjá að neðan.

Reykjavík 9. október 2020

Staður, dags.



Forstöðumaður

Ársreikningur þessi er samþykktur með fyrirvara um lögmati reiknings að fjárhæð kr. 563.116 kr. frá fjársýslunni. Reikningur þessi er vegna hugbúnaðarleyfisgjalda sem kærunefndin hafði ekki stofnað til. Gjöldin voru innheimt afturvirk. Stofnuninni var ekki tilkynnt um að þessi gjöld yrðu lögð á. Stofnuninni var ekki gert kleift að nýta sér þessi leyfi. Þessum reikning hefur verið hafnað af stofnuninni.

Stofnunin kaupir sambærileg leyfi af Microsoft í gegnum þjónustuaðila sinn og og hefur greitt fyrir þau. Gerð er grein fyrir þeim kostnaði í reikningum stofnunarinnar.

Eigi reikningurinn rétt á sér eiga að koma til frádráttar þau leyfisgjöld sem stofnunin hefur greitt til þjónustuaðilans. Það er því rangt, sama hvernig á það er litið, að stofnunin skuldi þessa fjárhæð og ársreikningurinn er því rangur að þessu leyti.

Fjársýslunni hefur ítrekað verið bent á að þessi reikningur þeirra sé rangur eða rangt metinn í bókhaldi. Undirritaður hefur efasemdir um að það standist góð reikningsskil að útgefandi reiknings sé jafnframt sá sem gerir ársuppgjörið og neiti að leiðrétta hann í ársreikningi.

Með þessum fyrirvara er ársreikningurinn staðfestur, enda gefur hann að mestu leyti rétta mynd af stöðu stofnunarinnar.



Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	288.300.000	268.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	<u>2.108.159</u>	<u>2.644.652</u>
Tekjur samtals		290.408.159	270.644.652
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3	235.116.811	222.320.194
Annar rekstrarkostnaður	4	43.377.024	37.699.683
Afskriftir	5	<u>2.108.159</u>	<u>2.644.652</u>
Gjöld samtals		280.601.994	262.664.529
Afkoma fyrir fjármagnsliði		9.806.165	7.980.123
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(59.068)</u>	<u>(70.371)</u>
		(59.068)	(70.371)
Afkoma ársins		<u><u>9.747.097</u></u>	<u><u>7.909.752</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Áhöld, tæki og búnaður		10.155.762	11.207.421
Fastafjármunir samtals		<u>10.155.762</u>	<u>11.207.421</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	7	42.955.796	33.539.304
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		153.877	0
Veltufjármunir samtals		<u>43.109.673</u>	<u>33.539.304</u>
Eignir samtals		<u><u>53.265.435</u></u>	<u><u>44.746.725</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Hrein eign		17.919.992	8.172.895
Eigið fé samtals		<u>17.919.992</u>	<u>8.172.895</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	7	768.133	562.199
Viðskiptaskuldir		5.062.026	3.158.887
Ýmsar skammtímaskuldir	9	19.729.297	21.658.598
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	10	9.785.987	11.194.146
Skuldir samtals		<u>35.345.443</u>	<u>36.573.830</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>53.265.435</u></u>	<u><u>44.746.725</u></u>
Aðrar upplýsingar	11		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		9.747.097	7.909.752
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	2.108.159	2.644.652
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(2.108.159)	(2.644.652)
		<u>9.747.097</u>	<u>7.909.752</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(153.877)	21.536
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(26.162)	5.311.564
		<u>(180.039)</u>	<u>5.333.100</u>
		<u>9.567.058</u>	<u>13.242.852</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	6	(1.056.500)	(713.275)
		<u>(1.056.500)</u>	<u>(713.275)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		(9.210.558)	(13.229.577)
Fjárfestingarframlag		700.000	700.000
		<u>(8.510.558)</u>	<u>(12.529.577)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ávæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	288.300.000	268.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	2.108.159	2.644.652
	<u>290.408.159</u>	<u>270.644.652</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	297.300.000	0	0	297.300.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	(9.000.000)	0	0	(9.000.000)
Fjárveiting til tekna	288.300.000	0	0	288.300.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ..	(278.552.903)	0	0	(278.552.903)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	9.747.097	0	0	9.747.097

	2019	2018
3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	192.371.787	174.929.394
Orlof, breyting	(1.724.256)	5.658.977
Launatengd gjöld	43.059.597	39.657.181
Starfsmannakostnaður	1.409.683	2.074.642
	<u>235.116.811</u>	<u>222.320.194</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	19,8	19,1

Skýringar

	2019	2018
4 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	743.982	656.138
Byggingarvörur, almennar	1.327.832	0
Tæki og búnaður til innréttinga	0	69.290
Ýmis tæki og áhöld	135.775	117.469
Orkugjafar	235.614	159.816
Matvæli	2.321.626	2.088.797
Almennar rekstrarvörur	887.217	7.360
Vörukaup, almenn	5.652.046	3.098.870
Fundir, námskeið, risna	1.249.528	1.024.328
Ferðir, uppihald	2.382.555	2.466.238
Akstur	237.306	145.787
Sérfræðipjónusta	8.331.171	6.185.844
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	64.216	242.126
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	91.688	102.979
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.147.125	1.359.382
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	13.503.589	11.526.684
Afnotagjöld	4.755.078	4.715.645
Leigugjöld	16.903.823	15.747.633
Verkkaup	2.449.461	1.762.183
Kostnaðarhlutdeild	113.027	848.668
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	24.221.389	23.074.129
Annar rekstrarkostnaður samtals	43.377.024	37.699.683
5 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	2.108.159	2.644.652
	2.108.159	2.644.652

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
6 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	10.155.762	11.207.421
	<u>10.155.762</u>	<u>11.207.421</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður
Staða 1.1.2019	18.544.483
Viðbætur á árinu	<u>1.056.500</u>
	19.600.983
Afskriftir 1.1.2019	7.337.062
Afskrift ársins	<u>2.108.159</u>
	9.445.221
Staða 31.12.2019	<u>10.155.762</u>
	31.12.2019
	31.12.2018

7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	42.955.796	22.661.414
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	10.877.890
	<u>42.955.796</u>	<u>33.539.304</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	768.133	562.199
	<u>768.133</u>	<u>562.199</u>

8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	8.172.895	263.143
Afkoma ársins	<u>9.747.097</u>	<u>7.909.752</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>17.919.992</u>	<u>8.172.895</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

9 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Ógreitt orlof	19.693.966	21.418.222
Önnur ógreidd gjöld	<u>35.331</u>	<u>240.376</u>
	<u>19.729.297</u>	<u>21.658.598</u>

Skýringar

10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	10.155.762	11.207.421
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	(369.775)	(13.275)
	<u>9.785.987</u>	<u>11.194.146</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	11.207.421	(13.275)	11.194.146
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	700.000	700.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	1.056.500	(1.056.500)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(2.108.159)	0	(2.108.159)
	<u>10.155.762</u>	<u>(369.775)</u>	<u>9.785.987</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 1,7 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

11 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Kærunefnd útlendingamála hefur gert tímabundinn samning um húsaleigu við Ríkiseignir til ársins 2031, árlegar greiðslur vegna hans nema kr. 15,4 milljónum. Eins hefur stofnunin gert ýmsa rekstrar- og þjónustusamninga, árlegar greiðslur vegna þeirra nema kr. 6,9 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.